



# Inngrip til að efla orðaforða í litlum hópi nemenda

Markviss gagnvirk aðferð fyrir nemendur sem þurfa öflugt inngrip til að byggja upp orðaforða og bæta dýpri skilning á orðum á sem skemmstum tíma með talþjálfunaraðferðum.





## Lýsing

- Inngripið nær yfir 108 hálf tíma kennslustundir.
- Kennslunni er skipt í 20 hringrásir.
- Hver hringrás tekur 6 daga.
- Kennt er í 30 mínútur í senn.

## Hringrásir

- Í hverri hringrás eru tvær bækur teknar fyrir.
- 40 bækur eru notaðar.
- Veljið sígildar bækur eða verðlaunabækur.
- Þrjú orð eru valin sérstaklega sem eru mikilvæg til að skilja efni bókarinnar og vegna þess að nemendur kunna ekki orðin.

## Lestur bókarinnar

- Fyrri bókin er lesin 1. og 3. daginn
- Seinni bókin er lesin 2. og 4. daginn
- 5. og 6. eru nýttir til að samþætta og beita orðunum við mismunandi aðstæður.
- Nemendur fá þá einnig tækifæri til að endursegja söguna.
- Myndirnar í bókinni eru notaðar til að örva frásögnina.
- Hver kennslustund er vandlega skipulögð til að koma til móts við þarfir nemenda.
- Til dæmis er tíminn brotinn upp með vel ígrunduðum kennsluaðferðum, nemendur eru virkjaðir markvisst, þeir fá viðbrögð frá kennurum, kennarar þurfa að vera meðvitaðir um orðalag sitt.





Það má vel laga hugmyndina að eldri nemendum sem eru ólæsir eða illa læsir og fjölga orðunum sem unnið er með. Þeir þurfa munnlega þjálfun í orðaforða í litlum nemendahópum.

## Orðin

- Hæfilegt er á yngra stigi að einbeita sér að 6-8 orðum í hverri kennslustund miðað við 20 mínútur fjórum sinnum í viku.
- Hvert orð skal kennt 7 sinnum: 4+1+1+1 (4 sinnum í mismunandi samhengi, þrjár endurtekningar í þrjú skipti).
- Samtals eru þetta 1000-1500 orð á ári.

Hér er mikilvægt að kennarinn meti aðstæður á gagnrýninn hátt þegar ákvörðun er tekin um kennsluaðferð. Matið fer meðal annars eftir stærð og samsetningu nemendahópsins og reynslu kennarans. Skynsamlegt er að fara hægt af stað á meðan nýrri aðferð er beitt.

## Undirbúningur kennarans

- Gögnum safnað, efni bókarinnar skoðað og kennslan skipulögð.
- [Spjöld](#) útbúin með orðunum sem kenna á.
- Skilgreiningar á orðunum útbúnar.
- Myndum safnað.
- Merkt við í bókina þar sem staldrað er við þegar sagan er lesin.
- Góður og áheyrilegur upplestur æfður.





## Dagur 1 og 2

Á fyrsta og öðrum degi hlusta nemendur þegar kennarinn útskýrir orðin.

### Sagan og hugtökin

- Skilgreiningar eru gefnar á orðunum sem voru valin um leið og bókin er kynnt.
- Nemendur fá tækifæri til að spá fyrir um efni sögunnar og forskoða mikilvæg atriði í framsetningu.

### Kynning á sögunni

Dæmin í lýsingunni hér á eftir eru úr bókinni *The Snowy Day* eftir Ezra Jack Keats.

**a.** Bent er á titil bókarinnar. Kennarinn: *Titill sögunnar er þegar snjóaði. Ezra Jack Keats skrifaði söguna og teiknaði líka myndirnar.*

**b.** Kennarinn: *Þegar snjóaði segir frá því sem hægt er að gera þegar það er mikill snjór. Hlustið nú vel á allt það skemmtilega sem Pétur gerir þegar það er mikill snjór.*

**c.** Sýnið forsíðu bókarinnar og spyrjið: *Um hvað haldið þið að sagan sé?* Leggið áherslu á persónur í sögunni og viðfangsefni þeirra, byggið á viðbrögðum nemenda.

Kennarinn: *Já, strákurinn ætlar að finna sér eitthvað að gera í snjónum.*

**d.** Kennarinn: *Sögur sem við lesum hafa persónur, viðfangsefni og umhverfi. Það hjálpar okkur að hugsa um þessa hluti til að muna hvað gerðist í sögunni.*

**e.** Kennarinn: *Þegar ég les, segi ég fullt af orðum. Mig langar til að biðja ykkur um að hlusta eftir þremur töfraorðum. Það eru þessi orð ....*

Sýnið og lesið orðin á [spjaldinu](#). Kennarinn: *„Slóð“. Endurtakið með mér...*





„slóð“. „Slóð“. Segið með mér... „slóð“. „Ævintýri“. Endurtakið með mér... „ævintýri“. „Ævintýri“. Segið með mér... „ævintýri“. Þegar þið heyrið þessi orð í sögunni þá réttið upp hönd. „Hnoða“. Endurtakið með mér... „hnoða“. „Hnoða“. Segið með mér... „hnoða“.

## Lestur sögunnar

Orðin eru útskýrð lauslega um leið og þau koma fyrir. Verið meðvituð um innihald, hraða, framsögn og áherslur þegar þið lesið söguna.

Staldrið við á eftirfarandi stöðum og spyrjið spurninga.

1. Á blaðsíðunni með löngu sporunum.

Kennarinn: *Ó vá. Sum ykkar réttu upp höndina! Hvaða orð heyrðuð þið? Já „slóð“.*

EÐA

Kennarinn: *Heyrði einhver eitt af töfraorðunum? Orðin eru „slóð“, „hnoða“, og „ævintýri“. Hlustið og réttið upp höndina. „Hann dró fæturna h-æ-g-t til að gera slóð“.*

BÆTIÐ VIÐ

Kennarinn: *„Slóð skilur eftir merki. Pétur dró fæturna í snjónum til að gera slóð“.*

2. Á blaðsíðunni þar sem Pétur býr til snjóbolta.

Kennarinn: *Frábært einhverjir réttu upp höndina! Hvaða orð heyrðuð þið? Já „hnoða“.*

EÐA

Kennarinn: *Heyrði einhver eitt af töfraorðunum? Orðin eru „slóð“, „hnoða“, og „ævintýri“. Hlustið og réttið upp höndina. „Hann hnoðaði snjóbolta og setti snjóboltann í vasann sinn og ætlaði að geyma hann til morguns.“*

BÆTIÐ VIÐ





Kennarinn: „**Hnoða, þá veltir maður einhverju fram og aftur í höndunum**“.  
**Pétur hnoðaði snjóinn í kúlu til að gera snjóbolta**“.

**3.** Á blaðsíðunni þar sem mamma klæðir Pétur úr skónum.

Kennarinn: **Ó, vá einhverjir réttu upp höndina! Hvað heyrðuð þið? Já „ævintýri“.** Eða heyrðuð þið eitt af töfraorðunum? Orðin eru „slóð“, „hnoða“, og „ævintýri“. **Hlustið og réttið upp höndina. „Hann sagði mömmu sinni allt um ævintýri sitt“ .**

BÆTIÐ VIÐ

Kennarinn: **„Ævintýri er eitthvað spennandi sem við höfum gert í lífinu. Pétur sagði mömmu sinni allt um ævintýrið sitt“.**

**Umræður eftir lestur sögunnar**

**a.** Kennarinn: **Hvernig gerir Pétur „slóð“? Hvað annað gæti hann notað til að gera „slóð“?** (Gefið svör ef þarf). **Hafið þið einhvern tíma skilið eftir ykkur „slóð“ inni í húsi? Hafið þið séð „slóð“ eftir dýr?** (Veljið nemendur til að svara).

**b.** Kennarinn: **Af hverju „hnoðaði“ Pétur snjóinn þegar hann bjó til snjóbolta? Var hann með snjóboltann þegar hann fór að sofa? Af hverju ekki?** (Gefið svör ef þarf). **Hafið þið búið til snjóbolta? „Hnoðuðuð“ þið snjónum vel saman þegar þið bjugguð til snjóbolta? Er deig „hnoðað“ saman? Er leir „hnoðaður“? Er bíll „hnoðaður“?** (Veljið nemendur til að svara).

**c.** Kennarinn: **Í hvaða „ævintýrum“ lenti Pétur í snjónum? Hvaða „ævintýrum“ haldið þið að Pétur og vinir hans geti lent í næsta dag í snjónum?** (Gefið svör ef þarf). **Hafið þið lent í „ævintýrum“ í snjónum? Hafið þið lent í „ævintýrum“ í fjörunni? Hafið þið lent í „ævintýrum“ með vinum ykkar?**





## Dagur 3 og 4

Á þriðja og fjórða degi eru nemendur virkari þátttakendur en á fyrsta og öðrum degi.

### Annar upplestur á fyrri bókinni

Upplestur á þriðja degi er skipulagður á svipaðan hátt og á fyrsta degi en meiri áhersla er lögð á umræður um orðin þrjú sem valin voru út frá samhengi textans í bókinni.

Myndirnar sem skýra orðin eru skoðaðar og fjallað nánar um notkun þeirra. Sem dæmi sýnir kennarinn myndina með löngu sporunum og segir: „*Pétur gerði „slóð“ í snjóinn með stígvélunum sínum og spýtunni*“.

Auk þess dregur kennarinn sig í hlé og varpar boltanum til nemendanna sem eru ábyrgir fyrir áframhaldandi umræðum út frá orðunum þremur og sögunni.

Að lestri loknum eru nemendur hvattir til að kanna mikilvæga þætti í bókinni og orðaforðann sem þau hafa lært.

Þau eru hvött til að tengja eigin reynslu við efnið til að frjóvga og dýpka umræðuna.

## Dagur 5 og 6

Fimmta og sjötta degi er skipt í tvo hluta, orðaforðaverkefni og endursögn á sögunni. Sagan er ekki lesin að þessu sinni.





## Orðaforðaverkefni

Orðaforðaverkefni eru upprifjunarverkefni á orðum úr báðum bókunum sem voru lesnar í hringrásinni.

Nemendur eru virkjaðir til markvissrar vinnu með orðin og lesskilning.

Markmiðin með verkefnunum er að vinna með dýpri merkingu orðsins til að auka skilning nemenda á orðinu.

## Endursögn sögunnar

Nemendur endursegja söguna með hjálp myndanna með gagnvirkum kennarastýrðum samtölum.

Kennari hvetur nemendur til að nota orðin þrjú og mikilvæg atriði úr sögunni.

## Dæmi um verklag á degi 5 og 6

### Orðaforðaverkefni á fimmta degi.

Kennarinn: *Hér er sagan Þegar snjóaði. Nú ræðum við um orðin sem við lærðum.*

**a.** Sýnið myndina með löngu sporunum. Kennarinn: *Pétur skildi eftir sig „merki“ á jörðinni í snjónum sem hann gerði með fótunum og spýtu. Hvert er töfraorðið fyrir að skilja eftir sig merki í snjónum? Já, „slóð“.*

**b.** Sýnið síðuna þar sem Pétur býr til snjóbolta. Kennarinn: *Pétur velti snjónum á milli handanna og bjó til snjóbolta. Hvert er töfraorðið fyrir velta? Já, „hnoðaði“.*

**c.** Sýnið síðuna þar sem mamma tekur Pétur úr skónum.

Kennarinn: *Pétur sagði mömmu sinni hvað gerðist spennandi í snjónum. Hvert er töfraorðið fyrir eitthvað spennandi sem gerist? Já ævintýri.*







## Orðaleikur á fimmta degi

Kennarinn: *Nú ætlum við að leika leik þar sem við notum töfraorðin. Leikurinn heitir „Getið upp á orðinu.“ Þið segið mér hvaða orð passar við annað orð.*

- 1. Hvort orðið passar við ævintýri? Baðkar eða eitthvað spennandi sem gerist?*
- 2. Hvort orðið passar við hnoða? Blautur eða velta?*
- 3. Hvaða orð passar við slóð? Snjóbolti eða skilja eftir sig merki.*

## Orðaforðaverkefni á sjötta degi

Kennarinn: *Hér er sagan, þegar snjóaði. Nú rifjum við upp orðin sem við ræddum um í sögunni. Ég ætla að segja setningar og þið ljúkið við setningarnar með því að nota töfraorðin.*

- 1. Skór stelpunnar skildu eftir sig merki á jörðinni. Skórnir hennar skildu eftir sig .....*
- 2. Í sögunni gerði Pétur margt spennandi í snjónum. Pétur upplifði mörg .....*
- 3. Strákurinn velti leirnum lengi fram og aftur. Strákurinn ..... leirinn leirinn fram og aftur.*

## Orðaleikur á fimmta degi

Kennarinn: *Nú ætlum við að leika leik þar sem við notum töfraorðin. Leikurinn heitir „Hvað er ég að tala um?“ Getið þið sagt mér hvað ég er að tala um?*

- 1. Við fórum í fjöruna. Við grófum upp skeljar. Við sulluðum í sjónum. Við gerðum spennandi hluti. Ef svörin eru röng eða engin svör koma, segið slóð eða ævintýri? Kennarinn: Það var „ævintýri“ að vera á ströndinni. Segið setninguna .....*
- 2. Bíllinn keyrði um á grasinu og skildi eftir sig merki á jörðinni. Hvað er töfraorðið fyrir að skilja eftir sig merki á jörðinni? Ef svörin eru röng eða engin svör koma, segið slóð eða ævintýri? Bíllinn keyrði um á grasinu og skildi eftir sig „slóð“ í snjónum. Segið setninguna....*





### 3. Mamma velti kökudeiginu fram og til baka. Hvað er töfraorðið fyrir velta?

Já, „**hnoða**“. Ef svörin eru röng eða engin svör koma, segið ??? eða hnoða?

Mamma „**hnoðaði**“ kökudeigið fram og til baka. Segið setninguna....

Lauslega þýðingu frá ensku yfir á íslensku gerði Anna Guðrún Júlíusdóttir vorið 2011.

#### Heimildir

Coyne, Simmons og Kameenui. (2004). *Vocabulary Instruction for Young Children at Risk of Experiencing Reading difficulties: Teaching Word Meanings during Shared Storybook Readings*. Í J. F. Baumann, & E. J. Kame'enui (ritstj.), *Vocabulary Instruction: Research to Practice*, 13 – 27. New York: Guilford Press.

Keats, Ezra Jack. (1963). *The Snowy Day*. New York: Puffin Books. Sótt af:

[http://www.youtube.com/watch?v=AA808AdC\\_cc&NR=1af](http://www.youtube.com/watch?v=AA808AdC_cc&NR=1af)

